

**Nefndarsvið Alþingis
Utanríkismálanefnd**

Reykjavík, 9. desember 2022

Tilv.

Efni: Tillaga til þingsályktunar um þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland, nr. 26/145

Landspítali tekur undir mikilvægi þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland og þörf fyrir uppbyggingu sterkra innviða til að takast á við ógnir sem tengjast heilbrigðisöryggi og farsóttum, auk annarra þátta sem fram koma í umræddri þingsályktun. Í því samhengi undirstrikar Landspítali stöðu spítalans sem aðalsjúkrahús landsins, sbr. 7. gr. a. laga nr. 40/2007 um heilbrigðisþjónustu, og mikilvægustu heilbrigðisstofnunar landsins. Í ljósi þess má ætla að innviðir spítalans í tengslum við þjóðaröryggi gegni meginhlutverki innan íslenskrar heilbrigðisþjónustu við að tryggja þjóðaröryggi hér á landi.

Virðingarfyllst,

Runólfur Pálsson
forstjóri Landspítala